

Fundur í stjórn FUM, haldinn þann 12. september 2023

Fundarstaður: Stakkahlíð, bókasafn – fundarherbergi

Mættir: Anna Magnea Hreinsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Jóhann Örn Sigurjónsson, Tryggvi Thayer, Sigríður Margrét Sigurðurðardóttir og Svava Björg Mörk sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir

- Heimasíða FUM:** Tryggvi sagði okkur að hugmyndin er að hafa hana eins einfalda og hægt er, gera ráð fyrir að við séum ekki að vinna of mikið í henni – einfaldleikinn og að mestu viðhaldsfrír. Við erum ekki með „staging platform“ það þarf kannski að setja upp vefsvæði þar sem hægt er að setja upp rufu og þá sjáum hvernig síðan virkar og þá er hægt að taka ákvörðun um að breyta aðalvef. Inn á heimsíðunni þarf að setja inn fundagerð stjórnar.
- Ritstjórnarfulltrúi í TUM:** Það þarf að endurstaðfesta og kjósa nýja fulltrúa, Anna Magnea mun heyra hvort núverandi fulltrúar gefi kost á sér í áframhaldandi setu.
- Félagsgjöld og félagsmenn:** Aðalfundur á að vera í síðasta lagi 15. mars ár hvert og við verðum að boða með réttum fyrirvara og ef við ætlum að breyta einhverju í lögum/reglum félagsins þarf að senda inn tillögur með fyrirvara. Félagsgjöld voru síðast rukkuð 2019 (2020) og gjaldið var 3.000 kr. Gjaldkerinn (Jóhann Örn) mun senda excel skjalið í bankann með gjalddaga 02.10.2023.
- Starfsáætlun veturinn 2023-2024:
 - Ráðstefna í mars:**
 - Koma menntarannsóknunum inn í umræðuna – *Breyta íslenskar menntarannsóknir skólastarfi: Tengsl vettvangs og fræða*
 - Félagsmenn koma með tillögur að íslenskum menntarannsóknunum og inngangserindi
 - Kynning á Menntakvikunum:**
 - Umsagnir FUM** við ýmsum málefnum: Höldum áfram að vera vakandi og erum á tánum þegar koma ný lög eða frumvörp. Hægt er að skrá sig inni í Samráðsgáttinni og valið málefnasvið, þannig getur stjórnin fylgst með málum er varðar menntamál. Einnig er skráð sig á stofnanir eins og Barnamálaráðuneytið og Háskólaráðuneytið.
- Aðild að evrópsku menntarannsóknasamtökunum: Anna Magnea kannar þetta og upplýsir okkur hvort það sé skynsamlegt/ávinningur fyrir félagið að tengjast öðrum félögum.
- Önnur mál**
 - Fulltrúi í Íslensku Menntaverðlaununum:** Oddný Sturludóttir hefur verið fulltrúi fyrir hönd FUM og óskar eftir að fá að vera áfram þótt hún sé ekki lengur í stjórn – skoðum þetta á aðalfundi
 - Tillaga um breytingar í nefndum og tímalengd fulltrúa sem eru í nefndum:** Stjórnin leggur til að hámarks tími sem fulltrúar sitja í nefndum sé 2 ár og þá er hægt að gefa kost á sér aftur.
 - Nýir félagar:** Getum verið með bás á Menntakvikunum þar sem fólk getur skráð sig í félagið. Setja fram helstu verkefni á renning, þar sem lógóíð er á. (Hafa hann tímalausan).

Fundi slitið kl. 14:20